# Wappið - kynning o.fl. - ný gönguleið í Wappinu

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Erla Bil Bjarnardóttir |
| **Frá** | : | einarskula@gmail.com |
| **CC** | : | Hulda Hauksdóttir;Jóna Saemundsdottir |
| **Heiti** | : | Wappið - kynning o.fl. - ný gönguleið í Wappinu |
| **Málsnúmer** | : | 1605436 |
| **Málsaðili** | : | Wapp - Walking app ehf. |
| **Skráð dags** | : | 10.10.2016 10:03:52 |
| **Höfundur** | : | einarskula@gmail.com |
| **Viðhengi** | : | ATT00001.jpg |

Sælar

Ég lengdi gönguna aðeins á laugardag. Bæði var skemmtilegt að skoða urriðadansinn neðan við útfallið úr Vífilsstaðavatni og svo var skemmtilegra að fara upp á hæðina í lokin og ganga þar frekar en að fara meðfram Vífilsstaðaveginum til baka. Vegalengdin var um 7 km.

Þið sjáið þetta hér: http://is.wikiloc.com/wikiloc/view.do?id=15019801

Látið mig vita hvernig ykkur líst á.

kveðja,

Einar

Þann 6.10.2016 11:46, skrifaði Erla Bil Bjarnardóttir:

> Einar, fáum við að vita hvenær stendur til að fara í gönguna?
>
> *Með kveðju*
> *Erla Bil Bjarnardóttir*
> *umhverfisstjóri*
> sími: 5258588/8208588
> erlabil@gardabaer.is
>
> **From:** Einar Skula [mailto:einarskula@gmail.com]
> **Sent:** 6. október 2016 10:30
> **To:** Jóna Saemundsdottir
> **Cc:** Hulda Hauksdóttir ; Erla Bil Bjarnardóttir
> **Subject:** RE: FW: Wappið - kynning o.fl. - ný gönguleið í Wappinu
>
> Sæl Jóna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Gott mál. Ég ætla þá að auglýsa göngu þennan 6 km hring um helgina og prufukeyri efni í þeirri göngu og næ vonandi að gefa leiðina út innan viku þaðan í frá.

Kveðja
Einar

6. okt. 2016 10:17 skrifaði "Jóna Sæmundsdóttir" <Jona.Saemundsdottir@decode.is>:

> Sæll Einar
> Ég held að við ættum að taka þessa 6km  leið á Wappið, þeir sem vilja ganga styttra þ.e. tilbaka eftir nýja gögnustígnum meðfram Reykjavnesbruatinni geta nýtt sér fræðsluna um atvinnubótastíginn. Þessi leið er um fallega náttúru Garðabæjar
>
> Kveðja
> Jóna
>
> ---
>
> **From:** Einar Skulason [mailto:einarskula@gmail.com]
> **Sent:** 5. október 2016 10:18
> **To:** Erla Bil Bjarnardóttir <erlabil@gardabaer.is>; Hulda Hauksdóttir <hulda@gardabaer.is>; Jóna Sæmundsdóttir <Jona.Saemundsdottir@decode.is>
> **Subject:** Re: FW: Wappið - kynning o.fl. - ný gönguleið í Wappinu
>
> Sæl verið þið
>
> Það er þá spurning hvort ég á að taka 3,5 km eða 6 km leiðina? Var kannski upphaflega verið að spá í 3,5 km leiðina?
>
> Svo er gott að hafa Smalaholtið í huga síðar.
>
> kv
> Einar
>
> Þann 5.10.2016 10:02, skrifaði Erla Bil Bjarnardóttir:
>
> > Sæl öll
> > Líst vel á hugmyndir um kynningar á verkefninu meðal skólafólks og umfjöllun í Garðapóstinn og dagblöð frekar en auglýsingar.
> >
> > Teiknaði leiðina hans Einars aftur upp með nýja stígnum (í vinnslu) sunnan Vífilsstaða um 6 km sem er ný og örugg leið í upplandið sem vonandi verður fljótlega gerð enn öruggari með undirgöngum undir Elliðavatnsveginn.
> > Einnig hugmynd að styttri hringleið í Garðahrauni sem er mjög vinsæl um 3,5 km.
> >
> > Aðrar gönguleiðir t.d. í Smalaholti eru nýttar einnig af Kópavogsbúum. Að ganga um í

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

skjóli skógarins og njóta samt útsýnis af holtinu. Þar er hringsjá uppi á holtinu á bæjarmörkunum og lá myndin af stúlku á klapparholti sem fólki finnst áhugavert þegar ég hef sýnt þeim það.

*Með kveðju*
*Erla Bil Bjarnardóttir*
*umhverfisstjóri*
sími: 5258588/8208588
erlabil@gardabaer.is

---

**From:** Hulda Hauksdóttir
**Sent:** 4. október 2016 16:56
**To:** Jóna Saemundsdottir ; Erla Bil Bjarnardóttir
**Subject:** RE: Wappið - kynning o.fl. - ný gönguleið í Wappinu

Sæl Jóna,

Fékk líka fleiri góðar hugmyndir um kynningu frá Einari Skúlasyni í dag, sjá viðhengi. Þar er hann líka að spá í leiðina sem hann kallar Hraunstíginn (eða Atvinnubótastíginn) - hef Erlu Bil líka með í þessum pósti til að hún geti skoðað kortið sem Einar teiknar upp.

Bkv. Hulda

Hulda Hauksdóttir
upplýsinga- og menningarfulltrúi
s. 525 8527 / 525 8500
hulda@gardabaer.is,
www.gardabaer.is
Garðabær á facebook

---

**From:** Jóna Sæmundsdóttir [mailto:Jona.Saemundsdottir@decode.is]
**Sent:** 4. október 2016 16:52
**To:** Hulda Hauksdóttir <hulda@gardabaer.is>
**Subject:** RE: Wappið

Sæl

Já við þurfum að kynna þetta betur og skulum nota tækifærið þegar fleiri leiðir koma,
þessar hugmyndir sem þú ert að benda á eru mjög góðar,
ég ætti að skrifa í Garðapóstinn líka.
Þurfum að halda þessu vakandi það er ekki nóg að þetta sé bara á heimasíðunni

Verðum í sambandi fljótlega
Jóna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

**From:** Hulda Hauksdóttir [mailto:hulda@gardabaer.is]
**Sent:** 3. október 2016 16:23
**To:** Jóna Sæmundsdóttir <Jona.Saemundsdottir@decode.is>
**Subject:** RE: Wappið

Sæl Jóna,

Fékk einmitt póst frá Einar Skúlasyni fyrir helgi og svaraði honum í dag, sjá meðfylgjandi viðhengi. Held líka að við þyrftum að skoða hvernig er svo best að halda áfram kynningu á þessu til almennings, við getum auðvitað vakið áfram athygli á þessu á vef Garðabæjar þegar nýjar gönguleiðir bætast við og líka á fésbókarsíðu Garðabæjar. Kannski væri líka sniðugt að útbúa einhvers konar fésbókarauglýsingar um tilteknar gönguleiðir. Einnig er spurning þegar gönguleiðir hlaupaleiðir verða komnar inn að útbúa einhvers konar plaköt eða annað sem gæti verið sýnilegt í íþróttamiðstöðvunum okkar, auk þess sem við gætum fengið Stjörrnuna og UMFA til liðs við okkur með því að fá þau til að birta um þetta fréttir á vefjum sínum og senda á póstlistum til félagsmanna / forráðamanna þeirra sem stunda íþróttir hjá þeim?

Var líka með hugmynd um að það gæti verið sniðugt að kynna þetta með einhverjum hætti á menntadegi fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla í Garðabæ sem verður haldinn 22. október nk. en þyrfti að ræða það við Margréti Björk og Katrínu með hvaða hætti það væri best. Til dæmis með því að hafa upplýsingar á einhvers konar kynningarborði þar sem við vorum með hugmynd um að vera með ,,kynningarborð/bás? fyrir söfnin í bænum, Hönnunarsafnið og Bókasafnið, og þar gætum við kannski verið með spjaldtölvu sem sýnir gönguleiðirnar í Wapp-inu fyrir starfsfólk skóla til að skoða.

Þyrftum svo líka að birta meiri fréttir og jafnvel auglýsa í Garðapóstinum. Sá fyrir mér að skoða betur með hvaða hætti við getum kynnt þetta á næstu vikum þegar fleiri leiðir fara að koma inn í Wapp-ið og spyrja fleiri ráða um góðar leiðir til að kynna þetta. Ef þú ert með einhverjar góðar hugmyndir þar um eru þær vel þegnar J

Hér eru upplýsingar sem við settum inn á vefinn í sumar, sem eru aðgengilegar frá forsíðu - í flipa lengst til hægri neðarlega á síðunni.

http://www.gardabaer.is/umhverfi/utivistarsvaedi/wapp-gonguleidir-i-leidsagnarappi/

Heyrumst.

Bkv. Hulda

Hulda Hauksdóttir
upplýsinga- og menningarfulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

s. 525 8527 / 525 8500
hulda@gardabaer.is,
www.gardabaer.is
Garðabær á facebook

---

**From:** Jóna Sæmundsdóttir [mailto:Jona.Saemundsdottir@decode.is]
**Sent:** 3. október 2016 16:05
**To:** Hulda Hauksdóttir <hulda@gardabaer.is>
**Subject:** Wappið

Sæl Hulda

Hefur þú eitthvað heyrt frá Einari varðandi næstu kort sem hann ætlaði að útbúa í lok sumars?

Kveðja
Jóna

Fyrirvari um tölvupóstsendingar

part22.A82E665A.55AB79DE

Fyrirvari um tölvupóstsendingar

part22.A82E665A.55AB79DE

Fyrirvari um tölvupóstsendingar

part22.A82E665A.55AB79DE

Fyrirvari um tölvupóstsendingar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026